

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 12. maí 2020
UST202003-195/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þykktarmælingar á geymi nr 7 (600.07.00) í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. í Krossanesi, Akureyri

Umhverfisstofnun barst þann 4. maí sl. þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. í Krossanesi. Geymirinn er nr. T1056, / nr. 7 (600.07.00) í birgðastöðinni í Krossanesi. Geymirinn er 2.198 rúmmetrar, frá árinu 1947 og er staðsettur í mengunarvarnaþró félagsins í Krossanesi.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá NDT ehf. í febrúar 2020. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymirinn hafi verið í slæmu ásigkomulagi að innanverðu. Nokkrir blettir mældust undir 3mm. Í apríl mánuði var lokið við að tvöfalda hluta af gólfi geymis og var sú vinna unnin af stálsmiðjunni Útrás á Akureyri. Lekaprófun fór fram á viðgerðinni þann 28. apríl sl. og fannst enginn leki í botnskál en 11 gallar fundust í botnplötunum sem voru slípaðir upp og endursoðnir. 50mm streng vantaði á einum stað og var soðið í það. Viðgerðirnar voru endurprófaðar og reyndust í lagi. Geymirinn er einangraður að utan og klæðningin er í góðu ásigkomulagi. Sjá meðfylgjandi skýrslur um þykktarmælingu og lekapróf.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

G. Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra